

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 13/2001

frá 23. febrúar 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/1999 frá 28. maí 1999⁽¹⁾.
- 2) Tuttugasta og fimmta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/11/EB frá 10. mars 2000 um aðlögun að tækniframförum á II. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/41/EB frá 19. júní 2000 um aðra frestun á banni við því að prófa á dýrum innihaldsefni í snyrtivörum eða samsetningar af slíkum efnum⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla í II. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0011:** Tuttugasta og fimmta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/11/EB frá 10. mars 2000 (Stjtið. EB L 65, 14.3.2000, bls. 22).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 284, 9.11.2000, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 51, 9.11.2000, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 65, 14.3.2000, bls. 22.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 145, 20.6.2000, bls. 25.

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 10. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/335/EB) í XVI. kafla í II. viðauka við samninginn:

„11. **32000 L 0041:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/41/EB frá 19. júní 2000 um aðra frestun á banni við því að prófa á dýrum innihaldsefni í snyrtivörum eða samsetningar af slíkum efnum (Stjtið. EB L 145, 20.6.2000, bls. 25).“

3. gr.

Texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 2000/11/EB og 2000/41/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

